

1. Almennt

Icelandic Land Farmed Salmon ehf. (kt. 660521-1270), Strandvegi 63, 900 Vestmannaeyjum sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 199 tonna hámarkslífmassa seiðældi á laxi og regnbogasilungi þann 25. nóvember 2022.

Seiðastöð Icelandic Land Farmed Salmon ehf. í Friðarhöfn er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður seiðældisstöðvarinnar er þannig að allt frárennsli fer í gegnum rist í hverju kerri sem hæfir stærð fisksins sem er í kerinu hverju sinni og heldur svo áfram í gegnum tromlusíu endurnýtingarkerfis stöðvarinnar og síðan í fráveitukerfi Vestmannaeyjabæjar. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 31. mars til 28. apríl 2023 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Icelandic Land Farmed Salmon ehf. lagði fram umhverfismatsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 27. janúar 2022 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 29. desember 2022. Umhverfismatsskýrslan og álitid ná yfir framkvæmdina í Friðarhöfn en einnig til framkvæmdarinnar í Viðlagafjöru, en ekki verður tekin afstaða til seinni framkvæmdarinnar við útgáfu þessa rekstrarleyfis. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna umhverfismatsskýrslu þann 4. október 2022. Í umsögninni kemur fram að stofnunin óski eftir að fjallað verði ítarlegra um framkvæmdina við seiðastöðina í Friðarhöfn, en stofnunin horfir sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki.

Í álit Skipulagsstofnunar vegna rekstrarleyfis Icelandic Land Farmed Salmon ehf. í Friðarhöfn kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni koma til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist eða eiga leið um svæðið komi til með að breytast. Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag og ásýnd sem og á útivist verði svæðisbundið og nokkuð neikvæð. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að lýsing frá starfseminni sé skermuð vel af til þess að draga úr líkum á að lundapysjur sæki inn á svæðið á haustin þegar þær fljúga út hreiðrum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa veruleg áhrif á eldhraun og rýra verndargildi svo framarlega sem staðið verði þannig að verki að hrauninu verði ekki raskað meira en þegar er orðið. Lögð er áhersla á að sett verði skilyrði um vöktun og viðbrögð í nýtingarleyfi, vöktun viðtaka í starfsleyfi og vandaða hönnun mannvirkja og lóðar í framkvæmda- og byggingarleyfi. Matvælastofnun telur að mikilvægt sé að lágmarka umhverfisáhrif tilvonandi framkvæmdar í Friðarhöfn með með ofangreindum skilyrðum leyfa.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Icelandic Land Farmed Salmon ehf., eldistegundir eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Icelandic Land Farmed Salmon ehf. í Friðarhöfn er í samræmi við kynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Vestmannaeyjabæjar þann 21. febrúar 2023. Umsagnir bárust ekki frá Hafrannsóknastofnun og Vestmannaeyjabæ.

Fiskistofa veitti umsögn þann 22. febrúar 2023 en þar kemur fram að þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstöðva á landi felist í mögulegum áhrifum af því að fiskar sleppi frá stöðinni og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geti smitað villta fiska og haf áhrif á viðkomu stofna þeirra. Fiskistofa telur litlar líkur á að fiskur muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska þegar tekið er tillit til varnarbúnaðar í stöðinni. Jafnframt telur Fiskistofa að ekki sé mikil hætt á að smit berist í villta stofna þar sem hægt er að bregðast við ef sjúkdómar koma upp og varna því að smit berist frá stöðinni.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Icelandic Land Farmed Salmon ehf. í Friðarhöfn, Vestmannaeyjum. Rekstrarleyfið heimilar 199 tonna hámarkslífmassa seiðaeldi á laxi og regnbogasilungi í eldisstöðinni í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 26. júní 2039.

Selfoss, 26. júní 2023